



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Áskorun um aukið fjármagn stjórnvalda til íþróttastarfs Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hóteli, þakkar Alþingi og ríkisstjórn Íslands fyrir stuðning við Ferðasjóð Íþróttafélaga, ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ og rekstrarstyrks til ÍSÍ. Jafnframt er skorað á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að auka enn frekar framlag sitt til þessara mála, en það hefur lítið breyst á undanförunum árum á sama tíma og kostnaður hefur hækkað umtalsvert.

Greinargerð:

Öflugur ferðasjóður er forsenda þess að hægt sé að stuðla með marktækum hætti að jafnræði íþróttaiðkenda til þátttöku í íþróttakeppni hvar sem er á landinu. Hér er því um mikilvægt byggðamál að ræða. Á fundi ríkisstjórnar Íslands í mars 2006 var samþykkt að koma á fót ferðasjóði íþróttafélaga, til að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf í samræmi við tillögur nefndar sem þáverandi menntamálaráðherra fól að fjalla um ferðakostnað íþróttafélaga. Íþróttahreyfingin hafði þá barist í áratug fyrir því að slíkur sjóður yrði stofnaður, ekki síst með tilliti til bætts öryggis iðkenda á ferðalögum á vegum íþróttafélaga.

Árlega sækja um 120 íþróttafélög úr öllum íþróttahéruðum ÍSÍ um styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á fyrir fram skilgreind styrkhæf íþróttamót innanlands.

Vegna ársins 2024 bárust til Ferðasjóðs íþróttafélaga 255 umsóknir frá 126 íþrótt- og ungmennafélögum úr 24 íþróttahéruðum vegna 3.211 ferða í 24 íþróttagreinum. Einungis beinn ferðakostnaður er styrkhæfur, ekki gisting og uppihald. Gistikostnaður er hins vegar valkvæð skráning í umsóknir til sjóðsins og var skráður gistikostnaður í umsóknum um 145 milljónir króna.

Heildarupphæð umsókna var 757.596.246,-. Til úthlutunar var 123,9 milljónir króna.

Ríkisstyrkur til sérsambanda var settur á árið 2006 og var þá gerður samningur til þriggja ára. Lagt var upp með styrkurinn gæti dekkað kostnað við a.m.k. hálft stöðugildi til að byrja með hjá öllum sérsamböndum ÍSÍ og síðar meir heilt stöðugildi. Á þeim tíma voru sérsambönd innan ÍSÍ 25 talsins en í dag, árið 2025, eru þau orðin 34.

Sérsambönd ÍSÍ gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir íþróttirnar í landinu. Þau setja reglur og stefnur í viðkomandi greinum, mennta dómara og þjálfara og sjá um stærstan hluta mótahalds.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Afreksíþróttastarfið í landinu liggur mikið hjá sérsamböndunum og þau sjá einnig um flest íþróttaleg samskipti við útlönd hjá viðkomandi íþróttagreinum. Meirihluti þeirra býr við mikinn fjárskort og sum hver ná ekki að fjármagna starfsmann í fullt starf og er þessum mikilvægu störfum í mörgum tilfellum sinnt af sjálfboðaliðum, sem komast engan vegin yfir þau fjölbreyttu verkefni og þær skyldur sem settar eru á sérsambönd í nútíma samfélagi.

Styrknum er skipt á milli sérsambanda ÍSÍ eftir ákveðnum forsendum þar sem horft er til fjölda starfsmanna hjá viðkomandi sérsambandi. Sérsambönd ÍSÍ hljóta fyrir árið 2025 stuðning á bilinu 1.400 þús. til 4.700 þús., en það dugar engan veginn til að dekkja þann kostnað sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. að lágmarki hálft stöðugildi hjá öllum sérsamböndum ÍSÍ og hvað þá heilt stöðugildi.

ÍSÍ hefur notið rekstrarstyrks í gegnum samning við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Upphæðin hefur ekki breyst á undanförunum árum í samanburði við þróun verðlags í þjóðfélaginu og breytingar á launavísitölu. Verkefnum sambandsins hefur fjölgað og skyldur á sambandið verða sífelld meiri og þörf er á að stuðningur stjórnvalda hækki í takt við aðrar hækkanir.